

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 1. janúar 1993, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 509, 23. október 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 28. maí 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Hafnarfirði
nr. 40/1984.**

1. gr.

3. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Heimilt er að hafa sölustaði opna á helgidögum og hátíðisdögum nema á föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag og eftir kl. 6 á aðfangadagskvöld jóla.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur gert með heimild í 1. gr. laga nr. 17, 1. febrúar 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast gildi þegar í stað, þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45, 15. júní 1926, um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Félagsmálaráðuneytið, 3. júní 1993.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 38, 31. janúar 1991, um möskvastærðir í
togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.**

1. gr.

2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Við veiðar á úthafs-rækju, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 351, 24. september 1992 um veiðisvæði við úthafs-rækjuveiðar, er heimilt að binda fyrir hlífðarpoka að aftan, sbr. 1. mgr. Sama gildir þegar veiðar eru stundaðar á rækju á Breiðafirði samkvæmt sérstökum veiðileyfum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. júní 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING**um staðfestingu á breytingum á aðalskipulagi Akraness og deiliskipulagi í Arnardal.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið, hinn 28. maí 1993, staðfest upprætti um breytingar á áður staðfestu aðalskipulagi Akraness 3. maí 1982 og áður staðfestu deiliskipulagi í Arnardal.

Aðalskipulagsbreytingin er fölginn í því að landnotkun á lóðinni 18 við Stillholt breytist úr svæði fyrir iðnað í svæði fyrir verslun og þjónustu.

Deiliskipulagsbreytingin er fölginn í því að heimilit verður að byggja 3ja hæða tengibyggingu á milli húsanna nr. 16 og 18 við Stillholt.

Uppdrættir þessir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og verið samþykktir af bæjarstjórn Akraness og skipulagsstjórn ríkisins.

Umhverfissráðuneytið, 28. maí 1993.

Eiður Guðnason.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ**um afnám banns við línuveiðum á Flákanum.**

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 359, 6. október 1992, um bann við línuveiðum á Flákanum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. júní 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.